

Reykjavík 20.06.2017

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn meirihluta Samfylkingar og Bjartrar framtíðar í hverfisráði Vesturbæjar

Almennt og um þjónustuna

Fagnað er þeim auknu gæðum almenningssamgangna sem íbúum hverfisins er boðið upp á með tilkomu Borgarlínunnar í hverfinu. Sem þekkt er og komið hefur fram á vinnufundi hverfisráðsins með íbúum um Strætó í hverfinu þá er þjónustustig almenningssamgangna í hverfinu fremur takmarkað, sér í lagi í Gamla-Vestubænum þar sem langt er í stoppistöðvar. Akstursleiðir Strætó nýtast því miður ekki sem skyldi til að tengja saman íbúa og þjónustu innan hverfisins. Vonir standa því til að gera akstursleiðir Strætó innan hverfisins hentugri þegar hraðleiðir út úr hverfinu verða til.

Leiðaval

Ekki eru gerðar athugasemdir við leiðaval D innan hverfisins. Af þeim þremur valkostum sem til greina komu er líklegt að besta lega hafi verið valin. Á leið C er valin lega handan við flugvöllinn sem hefði þó vissulega verið áhugaverður kostur fyrir þróun Vesturbæjarins með beinni tengingu við Kópavog.

Það er miður að leiðarvalið gerir ekki ráð fyrir beinni tengingu austur með þróunarásnum meðfram Suðurlandsbraut þar sem jafnframt eru margir stærstu vinnustaðir borgarinnar. Því reynir mjög á að skiptistöð við BSÍ verði vel úr garði gerð og þægileg í notkun svo Vesturbæingar geti notið akstursþjónustu í allar áttir Borgarlínukerfisins. Athugandi hefði verið að skoða leið sem fari norðanvið gamla Vesturbæ um Mýrargötu einnig.

Stöðvar og hönnun

Lögð er áhersla á að íbúabéttleikinn sem hverfið býður upp á styðji við þétt net biðstöðva og að minnst þrír staðir komi til greina á leiðinni. Hverfisráðið telur mikilvægt að Borgarlínan á leið D hafi biðstöðvar nærri Háskóla Íslands, nærri Vesturbæjarskóla og á Eiðisgranda áður heldur en komið er að Eiðistorgi. Ljóst er að framkvæmdir við götur og stöðvar fela í sér mikil tækifæri til að gera göturýmin vel úr garði og mikilvægt að nýta þau tækifæri svo takist til. Gott aðgengi gangandi að stöðvunum verður lykilatriði fyrir farsæla uppbyggingu kerfisins.

Meirihluti Samfylkingar og Bjartrar framtíðar í hverfisráði Vesturbæjar.